

BÖRNIN



3, 1.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Des. 1907.

GLEÐILEG JÓL.

Guð einn gefur gleðileg jól. En hann, sem sendi einkason sinn og gaf okkur mönnunum hann, vill gjarnan gefa öllum gleðileg jól.

Hvað gott er að geta verið viss um það, að guð vilji gefa öllum gleðileg jól! En vissuna þá gefur gjöfin hans, jólagjöfin hans, einkasonur hans, barnið blessaða, sem fæddist í Betlehem fyrstu jólanóttina.

Sú gjöf guðs vitnar fyrir okkur um það, hvað ant guði er um okkur — ant um börnin sín öll — ant um, að þau geti verið glöð. Hann veit, að ekkert mannsins-barn getur orðið í sannleika glatt nema í samfélagi við hann. Og hann veit, að ekkert mannsins-barn getur komist í samfélag við hann, nema hann sjálfur komi til þess og taki það í samfélag við sig. En svo veit hann líka, að hvert mannsins-barn verður að taka við honum, þegar hann kemur—verður að þiggja gjöfina hans, þiggja kærleika hans af frjálsum vilja, ef það á að geta orðið glatt.

Út af þessari gjöf verðum við að gleðjast á jólunum, ef við eigum að njóta gleðilegra jóla — út af Jesú Kristi, guðs einkasyni, sem fæddist á jólunum, til þess að frelsa okkur. Gjöf þessi þegir á að gera okkur glöð — glöð í guði, sem

gaf hana, og glöð í kærleika til mannanna allra, sem guð hefur elskað með því að gefa þeim öllum sömu gjöfina.

Eins og við samtengjumst guði fyrir þessa gjöf, eins samtengjumst við hverjir öðrum fyrir hina sömu gjöf.

Og að samtengjast riður okkur á — lifandi, í kærleika að samtengjast, en ekki að eins í orði, þó orðin kunni að vera fall-eg. Við erum svo sorglega aðskilin, við mannanna börn. Böndin brostin, sem tengja áttu saman. Við finnum svo sárt til þess. En ekki megnum við að græða aftur það, sem brostið hefur. Við eigum ekkert til í eigu okkar, sem tengt geti okkur saman aftur. Skáldlegar hugmyndir gera það ekki. Fagrar hugsjónir ekki heldur. Að eins eitt sameinar okkur, mannanna börn — að við sameinumst guði, að böndin, sem brostið hafa í sambandinu því, tengist saman aftur, að lífs-sambandið, sem brast á milli hans og okkar — og hver maður með vakandi samvisku veit að hefur brostið — komist á lifandi hátt í samt lag aftur. En það kemst ekki á fyrir það, sem við gerum, heldur fyrir það, sem guð gerir og við þiggjum — fyrir Jesúm Krist, jóla-gjöf guðs til okkar, sem við þiggjum okkur til eilífs lífs.

Guði sé lof fyrir dýrðlegu jóla-gjöfina hans!

JÓLA-VÍSA.

Enn þá upprann sólin.
 Enn þá koma jólin.
 Enn þá til vor ylín ber —
 enn þá dvelur hún hjá mér,
 blessuð barna-sólin,
 björtu hjartans jólin.

JÓLA-GJÖFIN HENNAR DÍSU.

Dísa litla kom heim frá kirkju einn kaldan sunnudag í Desember-mánuði. Um leið og hún kom inn úr dyrunum sagði hún við mömmu sína: „Mamma! ræða prestsins í dag var öll um það, hvernig við ættum að gefa á jölunum. Eg skildi ekkert í því, sem hann sagði. Hann var að segja okkur börnunum, að við ættum ekki að gefa núna í ár bara vegna þess að það væri siður að gefa. Við ættum að komast eftir því, hvað barnið Jesús vildi að við gerðum. Hann sagði, að

þá fyndum við til þess, hvað gott væri að gefa. Eg held hann hafi ekki átt við, þegar við gefum hvert öðru heima hjá okkur, heldur þegar við gefum einhverjum, sem á bágt. Hvað heldurðu, mamma! að barnið Jesús vilji eg geri? Það er ekki langur tími eftir, og eg get ekki hugsað mér neitt. Getur þú ekki sagt mér það, mamma?"

Mrs. Rud þótti vænt um hugsunarsemi litlu stúlkunnar sinnar — hún var að eins átta ára. En hún svaraði ekki spurningu hennar. Í stað þess fór hún í utanhafnar-fötin sín, og sagði Dísu að koma út með sér. Hún ætlaði sér að heimsækja konu eina. Barnið furðaði sig líka á þessu; því mamma hennar fór ekki nema einstöku sinnum út í þeim erindum á sunnudögum.

Kalt var úti, og talsvert langt að fara. Mrs. Rud notaði tímann, og fór með dóttur sinni yfir söguna um fæðingu frelsarans í Betlehem. Loksins komu þær að litlu gömlu húsi. Mrs. Rud drap á dyr. Undir eins var dyrunum lokið upp af aldraðri konu, sem lítil var vexti, klædd í mussu og með klút-skýlu um höfuð. Það hýrnaði yfir henni, þegar hún sá, hverjir voru komnir.

Dísa tók eftir því, að þetta var ekki í fyrsta sinni, að mamma hennar kom þangað. Og á meðan þær voru að tala saman, sat hún hjá ofninum og vermdi sig og horfði forvitnislega í kring um sig.

Herbergið var lítið, og alt, sem inni í því var, var eins, jafnvel rúmið — Dísa hrökk saman, þegar hún varð vör við lítinn hrokkinn koll, sem kúrði niður í koddunum, og tvö stór augu, sem stórðu á hana.

„Nei! eg sá þig ekki!“—kallaði Dísa, stökk á fætur og hljóp að rúminu.

„Eg er Kata“—sagði sjúklingurinn.

„Og eg er Dísa.“ Og þær tókust í hendur. „Ertu veik?“ — spurði Dísa.

„Nei! Eg bara fótbrotnaði. Eg var að hlaupa á eftir ketlingnum hennar ömmu. Vagn fór þá yfir mig. Það er æði-sárt. Og læk'nirinn segir, að eg verði að liggja kyrr í sex vikur.“

„Æ! Það er óttalegt! Hvað ætlarðu að gera allan þennan tíma?“ — spurði Dísa.

„Ó! eg syng og horfi í bækurnar mínar. En nú er eg búin að hafa þær svo lengi, að eg er orðin ósköp leið á þeim. En svo hef eg líka ketlinginn. Og þegar amma hefur ekki of mikið að gera, þá segir hún mér sögur.“

„Finnurðu ekki mikið til?“ — Dísu furðaði sig á, hvað hún Kata gat verið; því henni fanst það áreiðanlegt, að ef það hefði verið hún, sem eins hefði staðið á fyrir, þá hefði hún skælt og verið keipótt og skapill.

„Jú!“ — sagði Kata. „Og eg skæli stundum. En ömmu minni fellur það svo illa, svo eg reyni að gera mig harða.“

Þegar Mrs. Rud var til að kveðja, voru litlu stúlkurnar orðnar perlu-vinir. Og Kata bað Mrs. Rud að koma aftur með Dísu.

Þegar þær voru búnar að ganga spöl-korn, segir Dísu við mömmu sína: „Mamma! heldurðu, að barnið Jesús vilji eg geri eitthvað fyrir aumingja Kötun?“

„Það verður þú að segja þér“—svaraði móðir hennar.

„Eg get leitað að einhverri gamalli sögubók handa henni.“

„Dísu!“—sagði Mrs. Rud, og var alvarleg. „Tókstu ekki eftir því, hvað alt var gamalt og slitnið, sem Kata hafði?“

„Jú!“ — sagði Dísu niðurlút.

„Geturðu þá fengið af þér að bjóða henni annað eins! Geturðu hugsað þér—“

„Æ, góða mamma! Eg skal hugsa um það. Eg skal gera það“,— tók barnið fram í, hrædd við ofanigjöfina, sem hún fann að hún átti skilið.

Mrs. Rud sagði þá heldur ekki neitt meira um þetta. Hún beið eftir því, hvað barnið vildi gera. Alla vikuna var Dísu mjög hugsandi. En aðfangadaginn kemur hún til mömmu sinnar glöð og öll brosandí í framan, og fer að tala við hana eins og hún var vön: „Mamma! Þú veist, að eg komst að því, að eg ætti að fá nýja brúðu.“

Mrs. Rud samsinti því.

„En brúðan, sem eg fékk í fyrra, hún frú Lee, er enn eins fallg og hún hefur verið. Og nú ætla eg mér að gefa henni Kötun nýju brúðuna, ef þú vilt lofa mér það. Og eg ætla að gefa henni líka silkið og borðana, sem frænka gaf mér í fót handa brúðunni minni. Og svo gef eg henni bækurnar mínar báðar: „Frænkurnar átta“, og „Rósina útsprungnu“.

„Og þú ætlar þér ekki að sjá eftir því eftir á?“—spurði móðirin, sem furðaði sig á, hvað nærri sér dóttir hennar tók, um leið og þetta gladdi hana.

„Ónei!“ — Og andlitið á Dísu var skínandi af ánægjunni út af því að gefa. „Eg hef hugsað um þetta, og er viss um, að þetta er það, sem barnið Jesús vill að eg geri.“

Mrs. Rud faðmaði litlu stúlkuna sína innilega að sér og

kysti hana, og hét henni því, að alt skyldi verða gert að óskum hennar.

Svo að Kata — hún litla Kata fótbrotna í rúminu — hafði í þetta sinn bestu og skemtilegustu jólin, sem hún nokkurn tíma hafði stuttu æfina sína. Og Dísu gleymdi því aldrei, hvað gott það er að gefa með sönnu jóla-hjarta.

Úr *The Illustrated Home Journal*.

TIL AÐ NOTA VIÐ JÓLAGUÐSPJÓNUSTU BARNA.

SPÁDÓMARNIR.

I.

1. *Forstöðumaður:* Fjandskap vil eg setja milli þín og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis (1. Mós. 3, 15).
S.sk.: *Það skal merja þitt höfuð og þú bita þess hæl.*
2. *Forst.:* Af þinni ætt skulu allar þjóðir jarðarinnar blessun hljóta (1. Mós. 22, 18).
S.sk.: *Vegna þess þú hlýddir minni raustu.*
3. *Forst.:* Ekki fer veldisspiran frá Júda, ekki herstjórnarsprotinn frá fótum hans, fyrr en komið er til Síló (1. Mós. 49, 10).
S.sk.: *Og þjóðin mun honum hlýða.*
4. *Forst.:* Drottinn, þinn guð, mun uppvekja þér spámann, kominn af þínu fólki, líkan mér (1. Mós. 18, 15).
S.sk.: *Honum skuluð þér gegna.*
5. *Forst.:* Stjarna uppreunur af Jakob (4. Mós. 24, 17).
S.sk.: *Veldissproti ris hjá Israel.*
6. *Forst.:* Af stofni Ísai mun kvistur fram spretta (Es. 11, 1).
S.sk.: *Og angi uppvaxa af rót hans.*
7. *Forst.:* Þá skal rôtarkvistur Ísai standa sem hermerki fyrir þjóðirnar (Esaj. 11, 19).
S.sk.: *Þær munu leita hans atkvæða og hans bústaður mun dýrðlegur vera.*
8. *Forst.:* Sjá, mey nokkur mun barnshafandi verða, og son fæða (Esaj. 7, 14).

S.sk.: Þann mun hún heita láta Immanúel.

9. *Forst.:* Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn; á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla (Esaj. 9, 5).

S.sk.: Hann skal heita: hinn undrunarlegi, ráðgjafi, hinn máttugi sterki guð, faðir eilífðarinnar, friðarhöfðingi.

10. *Forst.:* Þú, Betlehem Efrata! Þó þú sért of litil til þess að teljast meðal höfuð-ættborga Júdaríkis, þá skal þó frá þér útganga sá, sem vera skal höfðingi Ísraelsmanna (Mik. 5, 1).

S.sk.: Hans uppruni skal vera frá aldaöðli, frá dögum eilífðarinnar.

11. *Forst.:* Þessi dagur mun verða einstakur, drotni kunnur, hvorki dagur né nótt (Sak. 14, 7).

S.sk.: En undir kvöld mun ljós verða.

12. *Forst.:* Sjáið, eg sendi minn engil, sem greiða skal veginn fyrir mér; bráðum skal hann koma til síns musteris (Mal. 3, 1).

S.sk.: Sjáið, hann kemur!—segir drottinn allsherjar.

13. *Forst.:* Eftir mig mun koma sá, sem mér er meiri (Lúk. 3. 16).

S.sk.: Og hans skóðvengi er eg ekki verðugur að leysa.

14. a. *Forst.:* Og engillinn sagði við hana: Hræðstu ekki, María! Því þú hefur fundið náð hjá guði (Lúk. 1, 30-33).

S.sk.: Og sjá! Þú munt barnshafandi verða, og fæða sveinbarn. Hann skaltu láta heita J e s ú s.

- b. *Forst.:* Hann mun mikill verða, og kallast sonur hins hæsta.

S.sk.: Drottinn mun gefa honum ríki Davíðs föður síns.

- c. *Forst.:* Og hann mun ráða æfinlega yfir ætt Jakobs.

S.sk.: Og á hans ríki mun enginn endir verða.

Allir: *Hallelúja.*

II.

Spádómarnir rætast.

Jóla guðspjallið Lúk. 2, 1—14.

JÓLA-VERS.

Lag: *Adeste fideles* (Come hither, ye faithful).
 Ó, komum og fögnum! Því himinsins hnoss
 nú hingað á jörðu það fæðst hefur oss,
 vor frelsari, kærleikans fegursta rós.
 ,: Ó, fagnandi kveikjum, ,:;
 ó, fagnandi kveikjum vor jóla-ljós.

Guðs eingetinn sonur,—vor eilifa sól
 nú upprann af hæðum með gleðileg jól—
 vort hjálpræði, fögnuður, friður og hrós.
 ,: Ó, fagnandi kveikjum, ,:;
 ó, fagnandi kveikjum vor jóla-ljós.

Hann tilbiðja himnar. Ó, tak undir jörð
 og tilbið þinn drottin með fagnaðar-gjörð!
 Þinn lofsöngur fossi sem fljótið að ós.
 ,: Ó, fagnandi kveikjum, ,:;
 ó, fagnandi kveikjum vor jóla-ljós.

Blessunin, sem Jesús færði okkur.

Stór stúlka:

Er frelsarinn Jesús fæddist
 forðum hér jörðu á,
 hvað færði barnið það besta,
 börnin mín ! okkur þá?

Sjö litlar stúlkur:

Fyrsta barn:

Blessun hann færði' okkur besta
 börnunum öllum þá:
 Allir, sem á hann trúá,
 eilifa lífið fá.

Annað barn:

Í villunnar myrkur vonða
 varpaði' hann ljósi sín',
 ljósi, sem alt af öllum
 inndælla' og bjartar skín.

Þriðja barn:

Vonleysið alt, sem vafðist
 voða-kalt hjörtunum að,

tók hann, og ljósa lét þar
lifandi von í þess stað.

Fjórða barn:

Og þreytan lá þung á öllum,
ei þeim neitt gat hjálpað við.
En sjá! Jesús Kristur kom þá
með kærleikans hjálp og frið.

Fimta barn:

Byrðarnar þungu bar hann,
barnanna synd og mein.
Frelsarans faðmur aftur
friðandi bjart þeim skein.

Sjötta barn:

Fögnuð, sem heimur ei flytur,
flutti' hann í heim með sér:
náðvina, lífið og ljósið —
lífið nýtt handa mér.

Sjöunda barn:

Flýtum oss fagnandi' að koma
til frelsarans, Jesú míns.
Hver, sem þá vill, hann kemst til
hins kæra föður síns.

Þýtt eftir *Jennie Wilson*.

—○—
TIL GAMANS.

Miskunnarverk hans. Jónsson: „Vinnur þú nokkuð að því að hjálpa bágstöddum nágrönnum þínum?“ — Anderson: „Já! Raunar finst mér það! Eg er nýbúinn að selja fónografinn minn.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.